

Skýrsla frá formanni Hjálmanefndar 12.jan. 2013.

Fyrsti fundur með Eimskip var 5.sept. Þar mættu Oddgeir fyrrverandi formaður hjálmanefndar og undirritaður. Frá Eimskip mættu Guðbjörg Ingvarsdóttir og Ólafur Hand, þau sömu og voru í forsvari s.l. ár. Þar kom fram að pantaðir hafa verið hjálmar fyrir voríð. Litir verða þeir sömu og s.l. ár, bláir og bleikir. Þau sögðu að ekki yrði hvikað frá þessum litum, þeir væru orðnir einkennislitir verkefnisins og það skipti verulegu máli fyrir velvild stjórnar og starfsmanna.

Eimskip hefur fallið frá að reyna að vinna litavalið og afhendinguna í gegnum foreldrana og skráningarsíðu eins og síðasta ár. Hlutverk Kiwanis væri að fá heimilsföng og netföng skólanna hjá menntamálaráðuneytinu hafa síðan samband við skólana og fá nafnalista frá þeim með litavali hvers nemanda og sjá síðan um afhendingu í sem flestum skólum. Eimskip myndi sjá um flutning þangað sem við óskuðum. Tímaáætlunin væri að allir hjálmar væru komnir á áfangastað og tilbúnir til afhendingar 15.apríl. Til að svo mætti verða þyrfti Eimskip að fá afhenta tiltektarlista í síðasta lagi 15. febrúar. Þar komi fram fjöldi í hverjum lit, nafn klúbbs og/eða skóla, heimilisfang, póstnúmer og nafn tengiliðs.

Eimskip sendi kynningarbréf, ásamt konfektkassa til allra grunnskóla í byrjun desember. Í framhaldi af því sendum við í nefndinni tölvubréf í alla skólana þar sem fórum fram á að þeir fengju nemendur 1.bekkar til að velja sér lit og senda okkur síðan listann. Fórum við fram á að við fengjum listana ekki síðar en 15.jan.

Ég fór fram á við svæðisstjórnara að fá fulltrúa frá hverju svæði í nefndina og urðu þeir við því.

Nefndin er þannig skipuð nú: Haraldur Finnsson Jörfa fyrir Freyjusvæði.

Petrína Ragna Pétursdóttir Sólborgu fyrir Ægissvæði.

Ólafur Jónsson Drangey fyrir Óðinssvæði.

Hilmar Adolfsson Eldfelli fyrir Sögusvæði.

Við höfum svo samband við skólana á okkar svæðum og ætlum einnig að fá tengiliði í klúbbunum sem sjá síðan um afhendingu þegar að henni kemur. Nú er það svo á nokkrum svæðum á landinu eru engir Kiwanisklúbbar í nágrenninu. Þar eru skólarnir „munaðarlausir“ hvað afhendingu varðar. Þessi svæði eru Vesturlandið frá Borgarnesi, Snæfellsnes, Dalir, Strandir og Vesturbyggð. Á Suðurlandi uppsveitir Árnassýsla, Rangárvallasýsla og V.-Skaftafellssýsla. Á Austurlandi Fljótshérað, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð suður undir Hornafjörð. Nefndin leggur til að við reynum að skipuleggja afhendingu í fleiri skólum en áður. Óðinsmenn hafa hug á að bæta við sitt úthlutunarsvæði í austurátt og fara austur á Hérað en þeir hafa fram að þessu séð um svæðið frá Hrutafirði til Vopnafjarðar. Gott væri ef Sögusvæðið reyndi að afgreiða Suðurlandið og Freyjusvæðið tæki að sér Vesturlandið eins og fært er. Vænti ég að svæðisstjórar leggi nefndarmönnum lið í þessu efni sem og öðru er þörf er á.

Í viðræðum við Eimskip var rætt um að reynt yrði gera sem mest úr afhendingunni eins og víða hefur verið gert, t.d. með samvinnu við skólahjúkrunarfræðinga, lögreglu, hjólaskoðun og umferðarfræðslu. Spurning hvort mögulegt væri að útbúa eitthvert efni til afhendingar til barnanna. Við leggjum í hendur hvers svæðis og klúbba hvernig staðið verður að afhendingu hjálmanna. Mest er um vert að gera úr þessu atburð sem vekur krakkana til umhugsunar um eigið öryggi með notkun öryggishjalma og aðgæslu í umferðinni og annars staðar. Um leið eigum við að vekja athygli á Kiwanishreyfingunni og hennar merka starfi.

Haraldur Finnsson

Formaður Hjálmanefndar

